

Borgarráð

Fyrirhuguð ferð borgarstjóra til Barcelona dagana 17. til 19. júlí 2017

Fyrirhuguð er heimsókn borgarstjóra til Barcelona í Katalóníu á Spáni dagana 17. til 19. júlí 2017. Ferðin er farin í tilefni þess að Barcelona-borg hefur boðið Reykjavíkurborg að vera heiðursgestur á borgarhátíðinni La Mercè sem fram fer í Barcelona dagana 22. til 25. september 2017 en hópur reykvískra listamanna mun koma fram á hátíðinni.

Dagskrá ferðarinnar er þannig að þriðjudaginn 18. júlí kl. 10.00 mun borgarstjóri eiga fund í ráðhúsi Barcelona með borgarstjóranum Ada Colau þar sem þau ræða þau málefni sem efst eru á baugi í samskiptum borganna. Klukkan 11.00 sama dag verður haldinn blaðamannafundur í ráðhúsinu þar sem borgarstjórinn í Barcelona mun ásamt borgarstjóranum í Reykjavík og Marta Almirall, framkvæmdastjóra La Mercè hátíðarinnar, kynna dagskrá hátíðarinnar í september, fjalla um samskipti borganna og svipta hulunni af aðalframsögumanni hátíðarinnar sem og listamanninum að baki La Mercè plakatinu í ár. Klukkan 14.00 sama dag er fyrirhugaður hádegisverður með aðstoðarborgarstjóra Barcelona, Jaume Collboni, sem er jafnframt í forsvari fyrir menningar-, athafna- og nýsköpunarmál, Valentí Oviedo sviðsstjóra menningarmála, Rosa Mach framkvæmdastjóra La Mercè og Esteve Caramés alþjóðafulltrúa.

Borgarstjóri og aðstoðarmaður hans verða í Barcelona í boði hátíðarhaldara.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.

